

## Minnisblað vegna 5 ára fjárhagsáætlanagerðar fyrir Háskóla Íslands

---

### Forsaga

Fjármálanefnd háskólaráðs Háskóla Íslands lagði til í tillögu sinni til ráðsins um skiptinu fjár árið 2017 að unnin yrði fimm ára áætlun um rekstur Háskóla Íslands. Tillaga þessi er annars vegar til komin vegna kröfu stjórnvalda um að ríkisstofnanir hagi fjárhagsáætlanagerð í samræmi við breytt verklag við almenna fjárlagagerð og hins vegar vegna eðlis starfsemi Háskóla Íslands. Rekstur íslenskra háskóla er að stærstum hluta fjármagnaður með opinberum framlögum. Með tilkomu fimm ára áætlunar um ríkisfjármál skapast aukinn fyrirsjáanleiki varðandi tekjur háskólanna sem auðveldar þeim að gera áætlanir til lengri tíma. Kostnaður við rekstur háskóla er að miklu leyti fastur, enda að mestu launakostnaður sem ræðst af samningum félaga opinberra starfsmanna við ríkið og fjölda starfsmanna. Fjöldi starfsmanna breytist að jafnaði hægt hjá háskólum, enda starfsmannavelta lítil og starfsöryggi mikið. Tekjur háskóla ráðast hins vegar af reiknilíkani Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem bæði nemendafjöldi og einingaverð breytast árlega. Tekjurnar breytast því árlega sem skapar ófyrirsjáanleika í rekstri háskólanna. Þessi óvissa er með mesta móti um þessar mundir, þar sem nemendafjölgun áranna eftir fall íslensku bankanna er tekin að ganga til baka á sama tíma og stytting framhaldsskólans skapar óvissu um stærð útskriftarárganga.

Lykilatriði í rekstri háskóla er að jafnvægi ríki til lengri tíma í milli útgjalda og tekna. Með tilkomu fimm ára áætlana í útgjöldum ríkisins skapast forsendur til breytinga við áætlanagerð sem tryggir betur langtímajafnvægi í rekstri Háskóla Íslands. Slíkar áætlanir gera kröfu á breytt vinnubrögð við stjórnun kostnaðar og útdeilingu tekna hjá fræðasviðum og deildum. Mikilvægt er að undirbúa vel hvernig staðið verður að þessum breytingum og skilgreina þau ferli sem verða að vera fyrir hendi til þess að ákveða kostnað og skiptingu tekna.

### Innleiðing

Upptaka fimm ára áætlana í rekstri krefst grundvallarbreytinga á fyrirkomulagi ákvarðana um skiptingu tekna og þróun útgjalda.

- **Launakostnaður:** Starfsmannavelta Háskóla Íslands er lítil og ákvarðanir um nýráðningar því að jafnaði til mjög langs tíma og að sama skapi kostnaðarsamar. Mikilvægt er að ákvarðanir um nýráðningar séu teknar með þetta að leiðarljósi. Tryggja þarf að ákvarðanir um mönnun og nýráðningar mæti þörfum Háskólans fyrir kennslukrafta, rannsakendur og stjórnarsýslustarfsfólk og að mannauður sé nýttur með besta mögulega hætti. Huga þarf að því hvernig breyta megi verklagi í ákvarðanatöku um mönnun og nýráðningar þannig að þessum markmiðum verði náð með sem skilvirkustum hætti.
- **Húsnaðiskostnaður:** Byggingaráætlun Háskóla Íslands er, eðli máls samkvæmt, til langs tíma. Mikilvægt er að hún taki samtímis til þarfar og rekstrarforsendna.

- **Annar kostnaður:** Mikilvægt er að huga að möguleikum á að samnýta aðstöðu, t.d. með samræmdri áætlun um uppbyggingu innviða rannsókna og kennslu.
- **Tekjur og skipting þeirra:** Ef gera á deildum kleift að starfa eftir langtímaáætlun er nauðsynlegt að tekjuskipting tryggji eðlilegt samræmi þróunar kostnaðar og tekna. Þetta krefst endurskoðunar á deililíkani háskólans, sem í dag lýtur árlegum breytingum sem geta verið umtalsverðar fyrir einstakar deildir.
- **Endurskoðun:** Áætlanir þurfa að vera til reglulegrar endurskoðunar eftir því sem forsendur breytast.

### Tillaga rektors

Settur verði saman starshópur þriggja einstaklinga sem skili tillögum um hvernig staðið verður að gerð rekstraráætlana til fimm ára fyrir Háskóla Íslands. Hópurinn verði skipaður aðilum með þekkingu á rekstri háskóla sem og aðilum með almenna rekstrarþekkingu.

Hópurinn skipi:

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar (formaður)

Ásthildur Otharsdóttir, formður stjórnar Marel og fulltrúi í Háskólaráði

Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs

Hópurinn skili tillögum til háskólaráðs í júní 2017.